

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 13. febrúar 2020 kl. 9:30, en þetta var 76. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mættir voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar.

1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerð síðasta fundar (16. janúar 2020) var samþykkt.

2. Orðabókarvinnan:

Medical. Farið var yfir áður útsendan lista (um 50 færslur) með samsettum heitum þar sem orðið „medical“ kemur fyrir í enska heitinu. Íslensku þýðingarnar, sem til greina koma, eru margvíslegar og fara eftir því hvert hugtakið er, annars vegar lækna-, lækninga- og læknisfræði- og hins vegar heilsufars-, heilbrigðis- og heilbrigðisþjónustu-. Margvíslegar breytingartillögur, athugasemdir og ábendingar frá einstökum nefndarmönnum lágu þegar fyrir og voru þær ítarlega ræddar og samræmdar eftir bestu getu. Ekki tókst að ljúka yfirferðinni á þessum fundi þannig að hluta listans var frestað til þess næsta.

3. Önnur mál:

JHJ greindi frá nokkrum fyrirspurnum sem honum höfðu borist. Flestum var strax svarað í tölvupósti á óformlegan hátt, en efni sem tengist þeim mun sennilega koma til umræðu hjá nefndinni þegar tími gefst.

4. Næsti fundur

Næsti orðanefndarfundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 12. mars 2020, kl. 9:30. JHJ mun að venju undirbúa þann fund og boða með hefðbundnu tölvupóstskeyti.

Fundi var slitið um kl. 10:30. Fundargerð ritaði JHJ.